

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

*Seljahverfi, Gilja-, Gljúfra- og Grjótasel, breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð þann 30. janúar 2001, breytingu á deiliskipulagi fyrir Gilja-, Gljúfra- og Grjótasel.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Logafold I, Foldaskóli, breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð þann 28. nóvember 2000, breytingu á deiliskipulagi fyrir Foldaskóla.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Gufuneskirkjugarður, deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð þann 13. mars 2000, deiliskipulag fyrir Gufuneskirkjugarð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 20. febrúar 2001.*

**Porvaldur S. Porvaldsson** skipulagsstjóri.

Nr. 150

8. febrúar 2001

## GJALDSKRÁ

### fyrir Vatnsveitu Grundarfjarðar.

Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Grundarfjarðar er byggð á lögum nr. 81/1991 ásamt síðari breytingum og reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992 ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Vatnsgjald er 0,223 hundraðshlutar af fasteignamati.

2. gr.

Aukavatnsskattur skal vera 12 krónur fyrir neysluvatn á hvern mældan eða áætlaðan rúmmetra vatns.

3. gr.

Leigugjald vatnsmæla fer eftir sverleika heimæðar. Ársleiga skal vera sem hér segir:

4" mælar kr. 18.350

3" mælar kr. 14.660

2" mælar kr. 5.840

Gjald dagar leigugjalds eru þeir sömu og við innheimtu aukavatnsskattsins sjálfs, nú sex sinnum á ári. Leigugjaldið er bundið byggingavísitölu, sem er 249,0 stig í febrúar 2001.